

Fimmtudaginn 4. júní 1992.

Nr. 2/1992.

BHMR f.h.

**Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga,
Félags íslenskra náttúrufræðinga,
Iðjubjálfafélags Íslands,
Kjarafélags arkitekta,
Sálfræðingafélags Íslands,
Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa,
Kjarafélags tækni-fræðinga,
Meinataeknafélags Íslands,
Röntgentæknafélags Íslands,
Hjúkrunarfélags Íslands og
Séttarfélags verkfræðinga**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

**borgarstjóranum í Reykjavík f.h.
borgarstjórnar Reykjavíkur,
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar,
Fóstrufélagi Íslands,
Ljósmeðrafélagi Íslands og
Sjúkraliðafélagi Íslands**

(Magnús Óskarsson hrl.).

Verkfallsréttur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingi-
björg Benediktsdóttir, Freyr Ófeigsson og Þorsteinn A. Jónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 29. maí sl., er höfðað með stefnu
birtri 2. og 3. mars sl. og þingfestri 24. mars 1992.

Stefnendur eru stéttarfélög þau, sem tilgreind eru í heiti málsins,
en Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Lág múla 7,
Reykjavík, fer með málið í umboði þeirra fyrir dómnum.

Stefndu eru borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarstjórnar
Reykjavíkur, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Fóstrufélag
Íslands, Ljósmeðrafélag Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands.

Stefnukröfur eru þessar:

Á hendur stefnda borgarstjórn Reykjavíkur;

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að engar skrár um þá starfsmenn stefnda Reykjavíkurborgar eða þjónustu- og atvinnufyrirtækja hennar, sem kunna að falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, séu í gildi.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að neðangreind skrá skuli gilda um þá starfsmenn stefnda Reykjavíkurborgar eða þjónustu og atvinnufyrirtækja hennar, sem óheimilt sé að fara í verkfall samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Skrá skv. 3. tl. 1. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986;

Stofnun:	Deild:	Starfsmenn:
Borgarspítali	slysadeild	allir starfsmenn vegna móttöku bráðveikra sjúklinga. Endurkomu og gæsludeild lokað,
Fossvogi	gjörgæsludeild	allir starfsmenn vegna alvarlegra veikra. Gæsluskáli lokaður,
	skurðstofa,	allir starfsmenn, auk þess
	ein deild	starfsmenn vegna einnar
	þ.m.t. svæfing	bakvaktar,
	hjartadeild	allir starfsmenn,
	lyflækningadeild	
	(ein deild)	allir starfsmenn,
	skurðlækninga-	
	deild A3	allir starfsmenn,
	skurðlækninga-	
	deild A4, alm.	
	skurðlækninga-	
	deild vegna	hjúkrunarfræðingar (7)
	15 rúma	sjúkraliðar (6),
	geðdeild	allir starfsmenn,
	röntgendeild	allir starfsmenn starfa
		eins og á stórhátíðum,
	rannsóknardeild	meinataeknar, eins og á
		stórhátíðum,
	eldhús	allir starfsmenn,

	sími, aðalskipti- borð	allir starfsmenn,
	sóttþreinsun	allir starfsmenn,
	tölvudeild	einn starfsmaður (1),
	sjúklingabókhald	tveir starfsmenn (2),
	húsvarsla	allir starfsmenn.
Grensásdeild	ein deild	allir starfsmenn.
Arnarholt		allir starfsmenn.
Hvítaband		allir starfsmenn, nema þeir, sem starfa á dagdeild.
Heilsuverndar- stöð	sjúkradeild	allir starfsmenn.
Slökkvistöð		Brunaverðir og varðstjórar
Reykjavíkur		samkvæmt varðskrá á stór- hátíðum til að sinna neyðarútköllum vegna slökkvistarfa og sjúkra- flutninga eingöngu.
Rafmagnsveita		kerfisstjóri (1)
Reykjavíkur		varðstjóri (1)
		vaktmenn (4)
		bústjóri á Úlfljótsvatni (1)
		fiskiræktarfulltrúi (1).
Vatnsveita		
Reykjavíkur		stöðvarstjóri (1).
Hitaveita	aðalstjórnstöð	vélfræðingar (8)
Reykjavíkur	dælustöð á Reykjum	einn starfsmaður á bakvakt innan hússþjónusta
	(bilanþjónusta)	viðgerðarmenn (3)
	Nesjavalla- virkjun	stöðvarstjóri (1)
		vélfræðingur (1)
		aðstoðarmaður (1).
Reykjavíkurhöfn		yfirhafnsögumaður dagvakt vegna skipa- þjónustu í nóvember - apríl, vaktmenn (4).

Borgarverk- fræðingur		umsjónarmaður umferðarljósá (1) eignavarsla (1) dýrahirðir húsdýragarðs (1).
SKÝRR (Skýrsluvélar rikisins og Reykja- víkurborgar)		yfirtölvarar (2) yfirkerfisforritarar (2) kerfisfræðingur í launakerfi (1) öryggisverðir (3).
Félagsmálastofnun		yfirmaður fjármála og rekstardeildar F.R. yfirmaður fjölskyldu- deildar F.R. yfirmaður öldrunar- deildar F.R.
Félagsmálastofnun, heimili og stofnanir aldraðra	Álfagrandi 40 Austurbrún 6 Bólstaðarhlíð 43 Droplaugarstaðir Furugerði 1 Hvassaleiti 58 Langahlíð 3 Norðurbrún 1 Seljahlíð Vesturgötu 7 þjónustuíbúðir Dalbraut 27	forstöðumaður forstöðumaður forstöðumaður allir starfsmenn forstöðumaður forstöðumaður forstöðumaður matráðsmaður (1) forstöðumaður allir starfsmenn forstöðumaður læknir í ½ starfi vaktstjóri (1).
Félagsmálastofnun, vegna barna og unglinga	Akurgerði 20 Álfaland 6 Hraunberg 15 Mánagata 25	allir starfsmenn allir starfsmenn allir starfsmenn allir starfsmenn

	Fjölskyldu- heimilið	
	Ásvallagötu 14	forstöðumaður matráðsmaður (1)
	unglingaheimilið	
	Búðargerði 9	forstöðumaður uppeldisfulltrúi (1).
Félagsmálastofnun,		
önnur heimili	Gistiskýlið	
	Þingholtsstræti	
	25	allir starfsmenn
	Áfangastaður	
	Amtmannsstíg	
	5A	allir starfsmenn
	Mæðraheimilið	
	Sólvallagötu 10	forstöðumaður
	Fannarfell 2-12	húsvörður
	Írabakki 2-16	húsvörður
	Jórufell 2-12	húsvörður
	Skúlagata 64-80	húsvörður
	Unufell 44-46	húsvörður
	Yrsufell 1-15	húsvörður.
Borgarskrifstofur	skrifstofur	
	borgarstjóra	starfsmenn (6).
Eignavarsla		forstöðumenn og stað- genglar þeirra sinni nauðsynlegustu eignavörslu, svo og húsverðir, sem búa á vinnustað.
Skrá samkvæmt 4.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. l. 94/1986.		
Starfsmenn:		
Borgarstjóri,		
borgarlögmaður,		
borgarritari,		
borgarverkfræðingur,		
skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar,		
aðalféhirðir Borgarspítalans,		
aðstoðarframkvæmdastjóri Borgarspítalans,		

- borgarbókavörður,
 borgargjaldkeri,
 borgarminjavörður,
 deildarstjóri Vélamiðstöðvar sem staðgengill forstöðumanns,
 forstjóri Innkaupastofnunar,
 forstöðumaður byggingadeildar,
 forstöðumaður Droplaugarstaða,
 forstöðumaður fjármála- og stjórnunardeildar Reykjavíkur-
 hafnar,
 forstöðumaður íbúða aldraðra við Dalbraut,
 forstöðumaður Kjarvalsstaða,
 forstöðumaður launadeildar Borgarspítalans,
 forstöðumaður rekstrar- og þjónustudeildar Reykjavíkur-
 hafnar,
 forstöðumaður Seljahlíðar,
 forstöðumaður tæknideildar Borgarspítalans,
 forstöðumaður Vélamiðstöðvar,
 framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits,
 framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs SKÝRR,
 garðyrkjustjóri,
 hjúkrunarforstjóri Borgarspítalans,
 skrifstofustjóri Borgarspítalans sem staðgengill fostöðumanns,
 skrifstofustjóri Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar sem
 staðgengill forstöðumanns,
 skrifstofustjóri Gjaldheimtu sem staðgengill forstöðumanns,
 skrifstofustjóri Hitaveitu Reykjavíkur sem staðgengill for-
 stöðumanns,
 skrifstofustjóri ISR sem staðgengill forstöðumanns,
 skrifstofustjóri SVR sem staðgengill forstöðumanns,
 skrifstofustjóri Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar,
 skrifstofustjóri Vatnsveitu Reykjavíkur sem staðgengill for-
 stöðumanns,
 starfsmenn launadeildar Reykjavíkurborgar,
 umsjónarmaður eldvarna Reykjavíkurborgar,
 varaslökkviliðsstjóri Slökkviliðs Reykjavíkur.
3. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati Félagsdóms, en stefnandi krefst þess, að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt á

þóknun til lögmanns hans. Jafnframt er þess krafist, að dæmt verði, að málskostnaður skuli bera dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu í málinu.

Á hendur stefndu Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Fóstrufélagi Íslands, Ljósmeðrafélagi Íslands og Sjúkraliðafélagi Íslands eru gerðar þær kröfur, að þessum stefndu verði dæmt skylt að þola dóm í málinu um kröfur stefnanda.

Málskostnaðarkröfur eru ekki gerðar á hendur þessum stefndu.

Við þingfestingu málsins var því lýst yfir af hálfu annarra stefndu en borgarstjórnar Reykjavíkur, að þeir samþykktu kröfur stefnanda.

Undir rekstri málsins var sakarefni skipt á þann veg, að fyrst verður tekin afstaða til fyrsta liðar í kröfugerð stefnanda.

Við málflutning í þeim þætti málsins var af hálfu stefnanda gerð sams konar málskostnaðarkrafa og gerð var undir lið 3 í stefnu.

Stefndi krafðist sýknu af kröfum stefnanda.

Um aðild málsins var tekið fram í stefnu, að BHMR sé samtök stéttarféлага háskólamenntaðra opinberra starfsmanna og höfði málið á grundvelli málsóknarumboða fyrir hönd ýmissa aðildarfélaga sinna, sem hafi félagsmenn í starfi hjá stefnda Reykjavíkurborg, en jafnframt fyrir hönd nokkurra annarra stéttarféлага, sem ekki séu aðilar að BHMR, en hafi þó einnig veitt þeim samtökum sérstök málsóknarumboð til að fara með mál þetta. Stefnandi telur augljóst réttarfarshagræði af því að haga aðild máls með þessum hætti, enda liggja fyrir samþykki stefndu í því efni.

Stefnandi stefnir borgarstjórn Reykjavíkur, en ekki borgarsjóði, þrátt fyrir það að tíðkanlegt hafi verið að haga aðild með þeim hætti, þegar þetta tiltekna sveitarfélag á í hlut. Stefnandi telur, að hvorki 3. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 né heldur samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985 með breytingum nr. 28/1988 gefi tilefni til að haga aðild málsins gagnvart stefnda með öðrum hætti en hér er gert. Þetta telur stefnandi samrýmast best 3. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986. Mál þetta varðar skrár um þá starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem ekki er heimilt að taka þátt í verkfalli þrátt fyrir almenna verkfallsheimild. Starfsmenn þessir séu í þeim félögum, sem veitt hafa BHMR málsóknarumboð í málinu. Auk þess sé um að ræða starfsmenn, sem séu félagar í aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis

og bæja, BSRB, en BHMR hafi ekki málsóknarumboð vegna þeirra. Félög þessi hafi engu að síður brýna hagsmuni af úrslitum máls þessa. Þess vegna sé sú leið ein fær af hálfu stefnanda að stefna félögum þessum og gera um það kröfu, að þau verði dæmd til að þola niðurstöðu dóms í málinu. Með þessu sé uppfyllt það réttarfarsskilyrði, að öllum, sem eigi sakaraðild, sé gefinn kostur á að svara til saka í málinu.

Ágreiningur um málsefnið eigi að réttu lagi undir Félagsdóm skv. 2. mgr. 19. gr. 1. nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Ágreiningur málsaðila er að mati stefnanda tvíþættur, þ.e. annars vegar er um það deilt, hvort Reykjavíkurborg hafi farið að í samræmi við fyrirmæli laga nr. 94/1986 við gerð og birtingu lista yfir þá, sem er óheimil þátttaka í verkföllum. Hins vegar sé svo að líkindum um það ágreiningur milli aðila, a.m.k. að hluta, hverjir eigi að vera á slíkum lista.

Stefnandi telur, að stefndi hafi ekki farið að lögum við gerð og birtingu listanna, og því séu engir listar í gildi um starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem ekki mega taka þátt í verkfalli. Af þeim ástæðum gerir stefnandi kröfu til þess, að viðurkennt verði, að listi sá, sem hann gerir kröfu um, taki gildi, enda komi það í vegi fyrir mikla óvissa um það, hverjir megi sinna störfum sínum, komi til verkfalls.

Í 14. gr. laga nr. 94/1986 er almenn heimild til þeirra, sem eru félagar í stéttarfélögum, sem lögin taka til, að taka þátt í verkföllum til þess að vinna að framgangi krafna sinna í kjaradeilum. Frá þessari almennu reglu er vikið í 19. gr. laganna, en þar segir, að heimild til verkfalls samkvæmt 14. gr. nái ekki til eftirtalinna starfsmanna:

„...“

3. Þeirra, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
4. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmannna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeildar.
5. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
6. Annarra, sem gegna störfum, sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa, sem getið er í 4. og 5. tl.“

Í 2. mgr. 19. gr. sé lagt fyrir fjármálaráðherra og sveitarfélög að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög að birta skrár um störf þau, sem falla undir ákvæði 3.- 6. tl. fyrri málsgreinar, fyrir 1. febrúar ár hvert. Stefndi hafi ekki haft hið lögboðna samráð sem fyrir er mælt um. Stefndi telur, að skylt sé að birta skrárnar í B-deild Stjórnartíðinda. Komi þetta skýrlega fram í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi því, sem síðar varð að lögum nr. 94/1986. Þessi afstaða komi einnig fram með ótvíræðum hætti í dómi Félagsdóms frá 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987. Enginn annar birtingarháttur sé bindandi í þeim skilningi, að viðkomandi starfsmenn gætu sætt viðurlögum samkvæmt 35. grein laganna fyrir að taka þátt í verkfalli, þótt þeir ættu vegna eðlis starfa sinna ekki að gera það.

Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að stefndi fái ekki að birta umrædda lista í B-deild Stjórnartíðinda. Stefndi hafi ekki látið reyna á það til þrautar, hvort heimilt sé að synja honum um slíka birtingu. Þrátt fyrir það að orðalag 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldserinda bendi til þess, að tilkynningar, sem hafa almennt gildi frá sveitarfélögum, eigi þar ekki inni, hafi í fjölmörgum lagaákvæðum verið mælt fyrir um, að ákvarðanir sveitarstjórna, sem almennt gildi hafa, einkum ef brot á þeim varði viðurlögum, skuli birtar í B-deild og einnig með óbeinni hætti. Fyrirmæli 19. gr. laga nr. 94/1986 séu ein tegund þessara fyrirmæla í lögum og allur vafi tekinn af um skýringu ákvæðisins í greinargerð. Beri stefnda því að birta lista þessa í B-deild Stjórnartíðinda. Önnur birting sé ólögmet og ekki bindandi.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að sú dómkrafa stefnanda, sem hér er til úrlausnar, þýði, að skrár um starfsmenn borgarinnar í öðrum félögum en þeim, sem höfða þetta mál, séu ekki í gildi. Sé þá átt m.a. við langfjölmennasta félag borgarstarfsmanna, Starfsmannafélag Reykjavíkur, og þrjú önnur félög, Ljósmeðrafélag Íslands, Fóstrufélag Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands. Enginn annar en Starfsmannafélag Reykjavíkur (St.Rv.), svo að það félag sé tekið sem dæmi, geti höfðað mál út af skrá yfir félagsmenn þess. Ágreiningur um gildi slíkrar skrár, sem raunar sé enginn, sbr. dskj. 8, gæti aldrei verið á milli annarra en St.Rv. og Reykjavíkurborgar. Það gangi ekki, að annað stéttarfélag stefni St.Rv. til að þola dóm þess efnis, að skrá um félagsmenn þess sé ekki í gildi. Aðildar-

skortur stefnanda að þessari kröfu leiði til sýknu, og þar sem taka verði kröfuna bókstaflega, eins og hún er fram sett, og engin varakrafa sé gerð um hluta þeirra skráa, sem um er að ræða, verði þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af kröfu þessari í heild.

Efnisrök leiði einnig til þess, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í þessum þætti málsins.

Vegna þeirrar málsástæðu stefnanda, að ekki hafi verið haft lög- bundið samráð við viðkomandi stéttarfélög, er eftirfarandi tekið fram:

Við gildistöku laga nr. 94/1986 hafi umræddar skrár eða verkfallslistar verið unnir í samráði við þau stéttarfélög, sem þá voru viðsemjendur Reykjavíkurborgar. Einkum hafi verið haft mikið samráð við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, sem þá var langstærsti viðsemjandi Reykjavíkurborgar. Þeir hlutar verkfallslista, sem að Borgarspítala snúa, hafi verið unnir í samráði og samvinnu við starfsfólk spítalans.

Eftir gildistöku laga nr. 94/1986 hafi viðsemjendum Reykjavíkurborgar fjölgað til mikilla muna. Einstakir starfshópar hafi gengið úr St.Rv. í önnur félög og öðlast með því sjálfstæðan samningsrétt við Reykjavíkurborg. Þetta hafi almennt ekki kallað fram breytt vinnubrögð af hálfu Reykjavíkurborgar, að því er gerð verkfallslistanna varðar. Eftir að frumstofnar listanna séu gerðir, hafi sú venja myndast, að á hverju ári séu síðast gildandi listar sendir stofnunum Reykjavíkurborgar og þær beðnar um að gera breytingartillögur. Að því búnu séu fram komnar tillögur metnar, og séu þær taldar nauðsynlegar, séu þær teknar til greina. Að svo komnu máli séu verkfallslistarnir sendir stéttarfélagunum til umsagnar. Við gerð síðustu lista hafi þeir verið sendir stofnunum Reykjavíkurborgar til umsagnar þann 14. nóvember 1991. Jafnframt var þess óskað, að breytingartillögum yrði komið til starfsmannahalds eigi síðar en 28. nóvember 1991. Þann 9. desember 1991 hafi stéttarfélagunum verið sendir verkfallslistarnir til umsagnar og þess óskað, að breytingartillögum yrði komið til starfsmannahalds Reykjavíkurborgar eigi síðar en 31. desember 1991. Engar efnislegar athugasemdir hafi borist frá stéttarfélagunum fyrir áramótin. Fljótlega upp úr áramótum hafi borist bréf frá tveimur stéttarfélagum, þ.e. Fóstrufélagi Íslands, ódags., og Röntgentæknafélagi Íslands, dags. 30. des. 1991. Röntgentæknafélag Íslands hafi gert tvær athugasemdir. Fyrri

athugasemd þess var sú, að ekkert samráð hefði verið haft við félagið við gerð umræddra verkfallslista. Í svari Reykjavíkurborgar hafi verið bent á, að við upphaflega gerð verkfallslista, sem komu til við gildistöku laga nr. 94/1986, hafi verið haft samráð við St.Rv., en röntgentæknar voru þá í því félagi. Viðsemjendum Reykjavíkurborgar hafi síðan á hverju ári verið sendir þessir listar og þeim boðið að gera efnislegar athugasemdir við þá. Seinni athugasemd Röntgentæknafélag Íslands hafi verið sú, að listi sá, er síðast var birtur fyrir ríkisstarfsmenn, væri töluvert frábrugðinn núverandi lista Reykjavíkurborgar, að því er félagsmenn Röntgentæknafélags Íslands varðaði. Svar borgarinnar hafi verið á þá leið, að hún væri sjálfstæður samningsaðili og að verkfallslistar fyrir ríkisstarfsmenn væru verkfallslistum hennar með öllu óviðkomandi. Fóstrufélag Íslands hafi í bréfi sínu viljað koma þeirri skoðun sinni á framfæri, að þeir aðilar, er fari með eignavörslu fyrir dagvist barna skv. 3. tl. 1. mgr. 19. gr. 1. nr. 94/1986, séu ekki félagsmenn þess.

Fyrirhugað hafi verið að leggja verkfallslistana fyrir borgarráð til samþykktar 21. janúar 1992. Ekki gat orðið af því, þar sem formaður BSRB og formaður BHMR hafi óskað eftir fundi með borgarstjóra 20. janúar vegna þessara mála. Eftir þann fund hafi verið ákveðið að leggja verkfallslistana fyrir borgarráð næsta dag, þ.e. þann 21. janúar, en fresta afgreiðslu þeirra til 28. janúar. Þennan frest hafi stéttarfélagin ætlað að nota til að gera athugasemdir við lista Reykjavíkurborgar eða semja nýja. Þessar athugasemdir hafi hins vegar ekki borist fyrr en um hádegisbil 27. janúar 1992. Ógerlegt hafi verið fyrir borgina að leggja nokkurt efnislegt mat á þann lista, þar sem nauðsynlegt hafi verið, birtingarinnar vegna, að ljúka afgreiðslu listanna í borgarráði næsta dag, þ.e. þann 28. janúar. Brýn nauðsyn hafi verið að hafa samband við borgarstofnanir vegna hugsanlegra breytinga á þessum listum. Sá tími hafi ekki verið fyrir hendi. Auk þess hafi verið óhægt um vik, að því er Borgarspítalinn varðaði, þar sem viðræður vegna hugsanlegrar sameiningar Borgarspítalans og Landakots hafi staðið sem hæst. Umrædda lista skuli birta fyrir 1. febrúar ár hvert, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Stéttarfélagin hafi mótmælt verkfallslistum Reykjavíkurborgar seinni hluta janúarmánaðar, þ.e. Sálfræðingafélag Íslands þann 17.

janúar 1992, en Starfsmannafélag Reykjavíkur, Fóstrufélag Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands þann 27. janúar 1992. Hins vegar hafi andmæli FHH og HFÍ ekki borist fyrr en 31. janúar 1992.

Sálfræðingafélag Íslands hafi mótmælt listum borgarinnar, þar sem samráð hafi ekki verið haft, en jafnframt bæri að birta umrædda lista í B-deild Stjórnartíðinda. Hin félögin hafi sent sams konar mótmæli, en jafnframt hafi þau látið fylgja nýjan verkfallslista, sem unninn hafi verið sameiginlega af þeim stéttarfélögum, sem standa að þessu dómsmáli.

Borgarráð hafi samþykkt þá lista, sem lagðir voru fram 21. janúar, á næsta fundi sínum 28. janúar sl., og hafi þeir verið formlega birtir viðkomandi félögum með bréfi næsta dag, þ. á m. öllum þeim félögum, sem eiga hlut að máli.

Stefnandi telji, að ekki hafi verið haft samráð við stéttarfélögin um gerð umræddra skráa eða verkfallslista, og eigi það m.a. að varða ógildinguna listanna. Stefnanda hafi láðst að geta þess, að hvaða leyti samráðinu hafi verið áfátt, og lýsa því, hvernig hann telji það hafa átt að vera. Samkvæmt fram lögðu áliti umboðsmanns Alþingis sé hafið yfir allan vafa, að borgarstjórn Reykjavíkur hafi af sinni hálfu fullnægt öllum lagaskilyrðum um samráð. Stéttarfélögin hafi brugðist skyldu sinni til að nýta þann tíma, sem þeim var gefinn og þurfti til frekara samráðs. Þessa vanrækslu sína geti félögin ekki notað til að krefjast ógildingar margnefndra lista.

Síðari málsástæða stefnanda er sú, að skrár þær, sem hér um ræðir, hafi ekki verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Sama sé, hvernig 19. gr. laga nr. 94/1986 sé lesin, þar standi ekkert um B-deild Stjórnartíðinda. Hins vegar séu í gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda nr. 64/1943 og í 2. gr. þeirra sé nákvæmlega lýst því, sem birta á í B-deild Stjórnartíðinda. Þar sé ekki að finna heimild til að birta ákvarðanir sveitarstjórna, sem ekki hafi hlotið staðfestingu ráðherra. Þessu ákvæði verði ekki breytt með „samkomulagi“ einhverra aðila utan Alþingis, og gildi einu, þótt sú athugasemd fylgi lagafrumvarpi, að slíkt samkomulag hafi tekist. Þrátt fyrir þetta hafi verið látið á það reyna, hvort verkfallslistarnir fengjust birtir, en því hafi verið hafnað með vísan til 2. gr. laga nr. 64/1943, sbr. bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. mars 1992. Þar sem lög nr. 94/1986 mæli ekki fyrir um birtingu verkfallslista í Stjórnartíðindum og lög nr. 64/1943 komi í veg fyrir birtingu

slíkra lista sveitarfélaga í þeim, liggi í augum uppi, að haga varð birtingu með öðrum hætti. Hafi listarnir því verið birtir öllum þeim félögum, sem hlut áttu að máli, með sendingu í ábyrgðarpósti. Liggi fyrir viðurkenning félaganna á móttöku þeirra. Sé því rangt það, sem í stefnu segir, að borgarstjórn Reykjavíkur hafi látið við það sitja að fá listana samþykkt í borgarráði.

Þegar framkvæma þurfi lög, sem ekki eru skýr eða afgerandi, skipti höfuðmáli að fara sem næst tilgangi þeirra og beita við það heilbrigðri skynsemi. Tilgangur þess að birta verkfallslista sé að koma vitneskju um þá, sem á þessum listum eru, á framfæri við þá, sem verkfallsréttinn hafa. Þetta séu ekki stjórnvaldsfyrirmæli, sem varði almenning í landinu eða hafi „almenna þýðingu“, sbr. orðalag 2. gr. laga nr. 64/1943. Orðið „birting“ segi ekkert um það, hve mörgum skuli birta (sbr. stefnubirting), og ef það, sem birta skal, eigi ekki erindi til allra, liggi í augum uppi að birta það þeim, sem málið varðar. Verkfallsréttur sé í höndum félaga opinberra starfsmanna. Það fari saman við tilgang laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna og heilbrigða skynsemi að birta þá verkfallslista, sem ekki megi birta í Stjórnartíðindum, þeim stéttarfélögum, sem fara með samnings- og verkfallsaðild félagsmanna sinna gagnvart sveitarfélögum.

Fráleit sé sú krafa stefnanda, að engir listar séu í gildi, að jafnvel þótt dæmt yrði, að listar ársins 1992 væru ekki í gildi, þá væru bara aðrir listar í gildi, þ.e.a.s. listar ársins 1991. Stéttarfélagin hafi fyrir löngu glatað rétti til að krefjast ógildingar verkfallslista fyrri ára, og ef eitthvað yrði talið athugavert við birtingu lista þessa árs, þá framlengdust einungis listar ársins 1991 um eitt ár skv. ótvíræðu ákvæði 2. mgr. 19. gr. Það ákvæði skeri úr um þann vilja löggjafans, að ávallt skuli vera í gildi þær skrár, sem þar greinir. Krafa stefnanda í þessu máli gangi þvert á þann vilja.

Með vísan til alls þessa, sem hér hefur verið rakið, beri að sýkna stefnda borgarstjórn Reykjavíkur.

Niðurstaða.

Þrátt fyrir það að ekki standi öll þau stéttarfélög að málsókn þessari, sem eiga félagsmenn á þeim skrá, sem samþykktar voru í borgarráði 28. janúar 1992, þá leiðir það ekki til sýknu þar sem þeim stéttarfélögum, sem hagsmuni hafa af niðurstöðu málsins og ekki standa að málsókninni, hefur verið stefnt til að þola dóm í

málinu. Mætt var af hálfu félaganna við þingfestingu málsins og kröfur stefnanda samþykktar.

Gegn andmælum af hálfu stefnanda verður ekki byggt á þeirri málsástæðu stefnda, borgarstjórnar Reykjavíkur, sem fyrst var sett fram við munnlegan málflutning, að lögmaður hinna stefndu stéttarfélaga hefði ekki haft umboð til þess að mæta fyrir stefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög fyrir 1. febrúar ár hvert að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög birta skrár um störf þau, sem falla undir ákvæði 3.-6. tl. 1. mgr. sömu laga.

Með bréfi, dags. 9. desember 1991, sendi Reykjavíkurborg þeim stéttarfélögum, sem hagsmuna eiga að gæta, til umsagnar skrár um starfsheiti þeirra starfsmanna, sem óheimilt er að gera verkfall skv. 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, og var þess óskað, að athugasemdum yrði komið á framfæri við Reykjavíkurborg fyrir 31. desember sama ár. Af hálfu stefnanda hafa ekki verið færð rök að fullyrðingum, að bréf þetta hafi ekki borist stéttarfélögunum fyrr en í janúar 1992. Verður því við að miða, að bréfin hafi borist fljótlega eftir 9. des. 1991.

Óumdeilt er, að í byrjun janúar hafi borist athugasemdir frá tveimur stéttarfélögum, þ.e. Fóstrufélagi Íslands og Röntgentæknafélagi Íslands, og að athugasemdum þessara félaga hafi verið svarað. Þann 17. janúar hafi birst athugasemdir frá Sálfræðingafélagi Íslands og efnislegar athugasemdir frá öðrum félögum um hádegi 27. janúar 1992 og síðar.

Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er ekki tekið fram, hvers eðlis umrætt samráð skuli vera. Telja verður það samræmast tilvitnuðu ákvæði, að stéttarfélögum séu sendar tillögur að skráum með hæfilegum fyrirvara og óskað eftir athugasemdum. Geri stéttarfélag athugasemdir við skrá, beri aðilum að eiga viðræður og leita samkomulags.

Dómurinn lítur svo á, að stefndi borgarstjórn Reykjavíkur hafi gefið stéttarfélögunum nægjanlegan tíma til þess að gera athugasemdir við skrár þær, sem borgarstjórn hugðist gefa út samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Þegar til þess er litið að almennt bærust ekki efnislegar athugasemdir frá stéttarfélögum við skrárnar fyrr en 27. janúar 1992, getur stefnandi ekki byggt á því, að lögboðið samráð hafi ekki átt sér stað.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. tilvitnaðra laga skal sá, sem gefur út skrá samkvæmt greininni, birta hana fyrir 1. febrúar, og er birtingu skilyrði fyrir því, að skrá taki gildi. Telja verður, að með birtingu í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 sé átt við opinbera birtingu, enda þótt ekki sé kveðið á um birtingu í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. gr. laga nr. 64/1943.

Skrár stefnda um þá, sem ekki er heimilt að gera verkfall samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, voru samþykktar í borgarráði 28. janúar 1992, og með bréfi starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar, dags. 29. janúar 1992, voru skrárnar sendar viðkomandi séttarfélögum „til birtingar skv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986“, eins og segir í bréfinu. Annars konar birtingu hefur stefndi ekki annast.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndi ekki birt skrár samkvæmt 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 opinberlega, og þegar af þeirri ástæðu er fallist á þá kröfu stefnanda, að viðurkenna, að engar skrár um þá starfsmenn stefnda, Reykjavíkurborgar eða þjónustu- og atvinnufyrirtækja hennar, sem kunna að falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, séu í gildi.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Engar skrár um þá starfsmenn Reykjavíkurborgar eða þjónustu- og atvinnufyrirtækja hennar, sem kunna að falla undir 3.-6. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eru í gildi.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Ingibjargar Benediktsdóttur.

Ég er samþykk framangreindri niðurstöðu og forsendum hennar að öðru leyti en því, að í stað setningarinnar: „Telja verður, að með birtingu“ og að næstu greinaskilum komi eftirfarandi málsgrein: „Ég tel, að birta beri skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. athugasemd um 19. gr. lagafrumvarpsins. Ákvæðið er sérákvæði um birtingu, en birting

framgangreindra skráa fellur ekki undir almenna ákvæðið um birtingu skv. 2. gr. laga nr. 64/1943.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, svo að öyggjandi sé, að skrárnar hafi ekki fengist birtar í B-deild Stjórnartíðinda.“

S é r a t k v æ ð i

Björns Helgasonar og Freys Ófeigssonar.

Telja verður, að með birtingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 hafi verið átt við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Í máli þessu þykir stefndi hafa leitt nægjanlega í ljós, að umræddar skrár hefðu ekki fengist birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Með hliðsjón af framkvæmd umræddrar lagagreinar frá gildistöku hennar telst birting sú, sem fram fór af hálfu stefndu borgarstjórnar Reykjavíkur nægjanleg. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda og fella niður málskostnað í þessum þætti málsins.

Nr. 6/1992. Mánudaginn 22. júní 1992.
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
 (Ragnar Halldór Hall hrl.)
 gegn
Reykjavíkurborg
 (Magnús Óskarsson hrl.).

Frávisun. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediksdóttir, Freyr Ófeigsson og Eiríkur Helgason.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ.m., um framkomna frávisunarkröfu, er höfðað með stefnu birtri 8. maí sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Grettisgötu 89, Reykjavík.